

## Greinargerð vegna Hafnarstrætis 3-5 á Flateyri

Jóna Símónía Bjarnadóttir forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða

Hafnarstræti 3-5 á Flateyri er eitt af elstu húsum á Flateyri, reist árið 1898 af Bergi Rósinkranssyni kaupmanni. Jens Eyjólfsson keypti húsið árið 1914 og var það í eigu sömu fjölskyldu til ársins 2003 þegar Minjasjóður Öfundarfjarðar festi kaup á því. Verslun hefur verið rekin í húsinu nánast óslitið frá árinu 1906 en lengst af undir heitinu Bræðurnir Eyjólfsson.

Húsið og herbergisskipan er að mestu óbreytt en árið 1953 var bakdyrainngangur stækkaður ásamt því að sett var upp þvottahús og salerni. Sama ár var þvottahúsi á efri hæðinni breytt í eldhús og hluta búðarlofts breytt í herbergi. Um er að ræða nokkuð sérstætt hús þar sem innréttingar, innanstokksmunir, tæki og skjöl tengd verslunarrekstri hafa varðveist. Húsið er hluti af einstakri og nánast upprunalegri götummynd á Flateyri. Húsið var stækkað nokkrum árum eftir byggingu þess og var þá byggt við húsið að ofanverðu.

Ástand hússins er bágborið, það er hvorki vind- né regnhelt og nauðsynlegt er að gera á því miklar endurbætur. Þótt endurbætur hafi farið fram á þaki (1998) er talið nauðsynlegt að gera enn frekari endurbætur á því. Ráðist hefur verið í bráðaframkvæmdir til að verja húsið og forða því frekari skemmdum í vetur með því að skipta um og bæta á plötum á þaki en nauðsynlegt er að huga að því að skipta út plötum á þaki og klæðningu á útveggjum þar sem þess gerist þörf. Gluggar eru allir illa farnir og nokkrir hvorki vatns- né vindheldir. Nauðsynlegt er að endurnýja lagnakerfi hússins (vatn frá 1908 og rafmagn frá 1923) að öllu leyti eða hluta.

Samkvæmt nýlegu mati er heildarkostnaður við lagfæringar á húsinu um 33 milljónir króna.

Húsið er í útleigu og rekur fyrirtækið Verslunin bræðurnir Eyjólfsson þar nú bókaverslun auk þess sem í gamla íbúðahluta hússins er rekið safn. Á efri hæð er íbúð. Um er að ræða afar vinsælan viðkomustað ferðamanna og einstakt tækifæri fyrir fólk að fá innsýn inn í gamla verslunarhætti og hýbýli kaupmannshjónanna. Mikilvægt er því að hlúa að varðveislu þeirra menningarverðmæta sem þar eru, skrá þau og mögulega forverja.

Leigan er 450.000.- á ári ásamt því að leigutaki greiðir rafmagn og hita. Kostnaður Minjasjóðs eru fasteignagjöld og tryggingar sem eru rúmar 400.000.- á ári.

Það er alveg ljóst að hraða þarf viðhaldi hússins til að forða frekari skemmdum og þá auknum kostnaði. Hægt er að fá styrk frá húsafriðunarnefnd til þeirra framkvæmda á móti framlagi eiganda sem gróft áætlað væri ekki undir 20 milljónum.

Hvað varðar framtíðarrekstur hússins eru nokkrar leiðir færar. Sú fyrsta væri að halda sama fyrirkomulagi og nú er, bærinn myndi þá leigja núverandi rekstraraðila húsið. Í annan stað gæti bærinn tekið yfir reksturinn eða falið Byggðasafninu reksturinn sem krefst þá mannafla og meiri umsvifa með tilheyrandi kostnaðarauka. Óvísst er með tekjur á móti þeim kostnaðarauka. Þriðja leiðin er að núverandi rekstraraðili yfirtaki húsið af Minjasjóðnum með skilyrðum um skráningu og forvörslu muna og forkaupsrétt Ísafjarðarbæjar að húsinu.